



INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

ÁRSSKÝRSLA 2010

Ársskýrsla 2010
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga
Sölvhólgötu 7
150 Reykjavík
2011/10
Prentun: Oddi umhverfisvottuð prentsmiðja

Hlutverk Jöfnunarsjóðs verður sífellt mikilvægara

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga stendur á gömlum merg og hefur í áranna rás fengið æ þýðingarmeira hlutverk í stuðningi sínum við starfsemi og rekstur sveitarfélaga landsins. Enn á ný hefur Jöfnunarsjóðnum verið falin ný verkefni. Í upphafi þessa árs tók sjóðurinn við umsjón með fjárveitingum og jöfnun sem tengjast þeim verkefnum á sviði þjónustu við fatlaða sem flutt hafa verið frá ríki til sveitarfélaga. Þá bættist nýtt verkefni við nú í haust þegar sjóðurinn tók að sér að veita framlög til reksturs tónlistarskóla á grundvelli samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga.



Hlutverk Jöfnunarsjóðs er og verður að jafna aðstöðu hinna ólíku sveitarfélaga landsins svo að þau geti sinnt hlutverkum sínum í þjónustu við þegna sína. Því til viðbótar hefur Jöfnunarsjóður verið verkfæri og farvegur fyrir ýmis önnur verkefni sem tengjast fjármálum sveitarfélaga.

Síðustu árin hefur aukaframlag Jöfnunarsjóðs skipt miklu máli fyrir sveitarfélögin sem notið hafa þess. Framan af var aukaframlagi veitt í meira mæli til þeirra sveitarfélaga sem stóðu höllum fæti í búsetuþróuninni en eftir efnahagshrunið hefur því verið beint í ríkara mæli í þá átt að aðstoða sveitarfélög í fjárhagserfiðleikum. Aukaframlagi þessa árs verður fyrst og fremst varið til sveitarfélaga í miklum fjárhagserfiðleikum og er í þeim efnunum farið að fyrirmælum fjárlaga.

Enn stendur yfir sá undirbúningur að breytingum á regluverki Jöfnunarsjóðs sem hófst á síðasta ári í framhaldi af tillögum nefndar sem endurskoðaði regluverkið. Ætlunin er að fella öll jöfnunarframlög sjóðsins undir eitt útgjaldamælingarkerfi eins og fram hefur komið. Á þann veg yrði raunverulegur jöfnuður betur tryggður og dregið úr framlögum til tekjuhárra sveitarfélaga og þau tekjulægri styrkt í sessi. Málefni fatlaðra myndu þó ekki falla undir þessa leið enda tengjast framlög vegna þjónustu við fatlaða beint umfangi þeirra verkefna sem sveitarfélögin sinna á því sviði á grundvelli nýs samkomulags þar að lútandi. Verið er að ganga frá reglum varðandi þennan nýja þátt í starfsemi Jöfnunarsjóðsins.

Í síðustu ársskýrslu minntist ég á fjárhagserfiðleika sveitarfélaga og erfiða stöðu ríkissjóðs. Þeir erfiðleikar eru síst að baki ennþá en við eygjum þó bjartari tíma. Með áframhaldandi aðhaldi og rétttri forgangsröðun vinna bæði ríki og sveitarfélög sig smátt og smátt út úr vandanum. Það verkefni stendur enn yfir.

Að lokum þakka ég starfsfólki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir þátt þeirra í því að skila svo fjölþættu og sífellt umfangsmeira hlutverki með nýjum verkefnum. Hlutverk Jöfnunarsjóðs verður sífellt mikilvægara fyrir sveitarfélög landsins.

*Ögmundur Jónasson
innanríkisráðherra*

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga starfar á grundvelli III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995 með síðari breytingum. Hlutverk sjóðsins er að greiða sveitarfélögum framlög til jöfnunar á mismunandi tekjumöguleikum þeirra og útgjaldaþörf á grundvelli ákvæða laga, reglugerða og vinnureglna sem settar eru um starfsemi hans. Þá greiðir sjóðurinn framlög til samtaka sveitarfélaga, stofnana þeirra og annarra aðila í samræmi við ákvæði laga.

Innanríkisráðherra hefur á hendi yfirstjórn Jöfnunarsjóðs en honum til ráðuneytis er fimm manna ráðgjafarnefnd.

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga gerir tillögur til innanríkisráðherra um úthlutanir framlaga úr sjóðnum önnur en bundin framlög.

Ráðgjafarnefndin er skipuð af ráðherra til fjögurra ára að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Fjórir nefndarmenn eru skipaðir samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga en einn nefndarmaður er skipaður án tilnefningar og er hann jafnframt formaður nefndarinnar.

Ráðherra hefur skipað Guðmund Bjarnason, fyrrverandi bæjarstjóra í Fjarðabyggð, sem formann nefndarinnar fyrir kjörtímabilið 2010 - 2014, en hann hefur gegnt störfum formanns frá ársbyrjun 2008. Nýskipaðir fulltrúar Sambandsins í nefndinni til næstu fjögurra ára eru þau Bjarni Jónsson, sveitarstjórnarmaður í Sveitarfélaginu Skagafirði, Björk Þorsteinsdóttir, bæjarfulltrú í Reykjanesbæ, Hermann Jón Tómasson, bæjarfulltrúi í Akureyrarkaupstað, sem einnig átti sæti í nefndinni á síðasta kjörtímabili, og Þórunn Egilsdóttir, sveitarstjórnarmaður í Vopnafjarðarhreppi.

Valgarður Hilmarsson, fyrrverandi forseti bæjarstjórnar í Blönduóssbæ, sem hefur átt sæti í ráðgjafarnefnd sjóðsins sem fulltrúi Sambandsins síðan í ársbyrjun 1990 er sjóðurinn tók til starfa í sinni núverandi mynd, lét af störfum í nefndinni eftir 21 árs farsælt starf. Aðrir fulltrúar Sambandsins sem létu af störfum eru þær Sigríður Finsen, fyrrverandi forseti bæjarstjórnar í Grundarfjarðarbæ, og Páley Borgþórsdóttir, formaður bæjarráðs í Vestmannaeyjabæ. Þeim Valgarði, Sigríði og Páleyju eru færðar þakkir fyrir vel unnin störf og ánægjulegt samstarf.

Ráðgjafarnefndin fundar að jafnaði einu sinni í mánuði yfir vetrartímamann en sjaldnar að sumri til. Á árinu 2010 hélt nefndin 10 bókaða fundi.

Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga var haldinn í þriðja sinn 15. október 2010 á Hilton Hótel Nordica í Reykjavík.

Í ávarpi sínu á fundinum lét Ögmundur Jónasson, þáverandi samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, þess getið að verkefni sem tengdust fjármálum sveitarfélaga hefðu verið fyrirferðarmikil í ráðuneytinu vikunnar fyrir ársfundinn og þar af leiðandi dagskrá hans sem ráðherra sveitarstjórnarmála. Fjallað hefði verið um fjármál sveitarfélaga á aðalfundum landshlutasamtaka sveitarfélaga, á landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga og á nýafstaðinni fjármálaráðstefnu sveitarfélaga. Alls staðar hefði hann skynjað áhyggjur sveitarstjórnarmanna af fjárhagsstöðu sveitarfélaganna. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefði um árabíl verið öflugur bakhjarl sveitarfélaganna og nauðsynlegt verkfæri og farvegur fyrir jöfnunaraðgerðir stjórnvalda í þágu íbúa hinna ólíku sveitarfélaga landsins. Standa þyrfti vörð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga svo að hann gæti áfram sinnt mikilvægu hlutverki sínu. Ráðherra fjallaði einnig um heildarendurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs, markmið með endurskoðuninni og skýrslu starfshópsins sem hefði lokið störfum.

Auk ávarps ráðherra og kynningar á ársskýrslu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2009 gerði Flosi Eiríksson, formaður starfshópsins um heildarendurskoðun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, grein fyrir tillögum starfshópsins að breytingum á gildandi laga- og reglugerðarákvæðum um sjóðinn. Guðni Geir Einarsson, sérfræðingur hjá Jöfnunarsjóði og starfsmaður starfshópsins, fór yfir fjárhagsleg áhrif tillagna starfshópsins á einstaka sveitarfélög.

Fundur með forstöðumönnum skólaskrifstofa

Árlegum fundi ráðgjafarnefndar með forstöðumönnum skólaskrifstofa og grunnskóla-fulltrúum sveitarfélaga, sem halda átti í desember, var frestað fram í byrjun febrúar 2011 vegna mikilla anna hjá Jöfnunarsjóði.

Á fundinum í febrúar var gerð grein fyrir heildarendurskoðun á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og helstu tillögum að breytingum er snerta framlög sjóðsins vegna reksturs grunnskóla. Hulda Karen Daníelsdóttir, kennsluráðgjafi og verkefnastjóri, fjallaði um efnið *Íslenska sem annað tungumál í skóla án aðgreiningar* og gerði auk þess grein fyrir mikilvægum „verkfærum“ til að ná fram markmiðum í kennslu nýrra Íslendinga. Guðni Geir Einarsson gerði grein fyrir stöðu mála vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Stefán Hreiðarsson, forstöðumaður Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, fjallaði um vinnu- og viðmiðunarreglur Jöfnunarsjóðs í tengslum við úthlutun framlaga vegna sérparfa fatlaðra nemenda. Þór G. Þórarinsson, sérfræðingur í velferðaráðuneyti, og Tryggvi Sigurðsson, sviðsstjóri hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, fjölluðu um SIS matið sem er grundvöllur jöfnunaraðgerða í tengslum við yfirfærslu á málefnum fatlaðra. Fundurinn var að venju vel sóttur.

Heildarendurskoðun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Starfshópurinn sem Kristján L. Möller, þáverandi samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, skipaði í ársbyrjun 2009 til að vinna að heildarendurskoðun á gildandi laga- og reglugerðarákvæðum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga lauk störfum í júní 2010.

Starfshópnum var ætlað að meta gæði núverandi jöfnunarkerfis og setja fram hugmyndir um mögulega heildarendurskoðun sjóðsins þannig að tryggt yrði að hann þjónaði sem best markmiðum sínum. Þá átti starfshópurinn að taka mið af tillögum sem kynnu að koma fram á næstu misserum í tengslum við breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, lögum um tekjustofna sveitarfélaga eða öðrum þáttum í starfsemi sveitarfélaga, svo sem sameiningum.

Formaður starfshópsins var Flosi Eiríksson, bæjarfulltrúi í Kópavogi. Auk hans skipuðu starfshópin þau Björg Ágústsdóttir, fyrrverandi sveitarstjóri í Grundarfjarðarbæ, og Guðmundur Bjarnason, fyrrverandi bæjarstjóri í Fjarðabyggð. Með hópnum störfuðu sérfræðingar frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og Sambandi íslenskra sveitarfélaga auk óháðs sérfræðings sem starfshópurinn kallaði til.

Í skýrslu sem birt var á vef ráðuneytisins gerir starfshópurinn ítarlega grein fyrir tillögum sínum að breytingum á gildandi laga- og reglugerðarákvæðum um sjóðinn og nýrri framsetningu framlaga sjóðsins með skiptingu hans í A- og B-deild. Í skýrslunni eru tillögur starfshópsins settar fram með þremur valkostum.

Með valkosti 1 eru settar fram tillögur um nauðsynlegar breytingar á núverandi kerfi. Starfshópurinn fól ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs að vinna úr þeim tillögum.

Með valkosti 2 eru til viðbótar settar fram tillögur um innleiðingu á nýju fyrirkomulagi útgjaldajöfnunar þar sem tekjujöfnunarframlag sjóðsins í sinni núverandi mynd væri lagt niður og breyting gerð á útreiknaðri stærðarhagkvæmni sveitarfélaga.

Með valkosti 3 er lögð til grundvallarbreyting á núverandi jöfnunarkerfi með útfærslu á nákvæmu upplýsingakerfi sem byggist á mælingu helstu útgjaldabátta sveitarfélaga.

Með tillögu sinni um nýja framsetningu framlaga sjóðsins með skiptingu hans í A- og B-deild leggur starfshópurinn áherslu á að gerður sé skýr greinarmunur á þeim verkefnum sjóðsins sem annars vegar eru jöfnunarverkefni og hins vegar önnur verkefni sem sjóðnum hefur verið falið að sinna. Undir A-deildina myndu þá falla jöfnunarframlög sjóðsins og hafa forgang umfram þau framlög sem tilheyrðu B-deildinni og eru skilgreind sem millifærslu- og endurgreiðsluframlög.

Á ársfundi Jöfnunarsjóðs 2010 fór fram ítarleg kynning á tillögum starfshópsins og gerð var grein fyrir fjárhagslegum áhrifum breytinga á grundvelli valkosta 1 og 2 á framlög sjóðsins.

Þann 1. janúar 2011 tóku gildi nauðsynlegar breytingar á núverandi kerfi sem falla undir valkost 1 í tillögum starfshópsins. Breytt var útreikningi framlaga til jöfnunar á tekjutapi vegna fasteignaskatts, útreikningi framlaga vegna skólaaksturs úr dreifbýli með setningu sérstakra vinnureglna og útreikningi almennra jöfnunarframlaga til reksturs grunnskóla. Jafnframt voru sett þau skilyrði fyrir úthlutun tekjujöfnunarframlags úr sjóðnum að sveitarfélög fullnýti heimild sína til álagningar útsvars.

Áfram hefur verið unnið á árinu 2011 að væntanlegum breytingum á regluverki sjóðsins. Í mars sl. skipaði innanríkisráðherra sérstakan vinnuhóp með aðkomu Hagstofu Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga til að útfæra nákvæmt upplýsingakerfi sem byggist á mælingu helstu útgjaldabátta sveitarfélaga. Kerfið er grundvöllur frekari breytinga á gildandi laga- og reglugerðarákvæðum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Formaður vinnuhópsins er Hermann Sæmundsson, skrifstofustjóri. Fulltrúi Hagstofunnar í vinnuhópnum er Guðrún Eggertsdóttir, viðskiptafræðingur og fulltrúi Sambandsins Kristinn Jónasson, bæjarstjóri í Snæfellsbæ. Með hópnum vinna sérfræðingar frá Jöfnunarsjóði og Sambandinu.

Vonir standa til að strax á næsta ári verði hægt að stíga næstu skref hvað framkvæmd tillagna starfshópsins um heildarendurskoðun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga varðar.

Endurskoðun samninga vegna yfirfærslu grunnskólans

Í tengslum við yfirfærslu á málefnum grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga 1. ágúst 1996 voru gerðir eftirtaldir samningar er tengjast rekstri grunnskólans milli Reykjavíkurborgar, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga: Samningur um yfirtöku Reykjavíkurborgar á rekstri þeirra sérskóla og sérdeilda sem staðsett eru í Reykjavík og starfa á grunnskólastigi, samningur um kennsluráðgjöf vegna nýbúa á grunnskólaaldri í sveitarfélögum öðrum en Reykjavíkurborg og samningur um kennslu langveikra barna á grunnskólaaldri sem eiga lögheimili utan Reykjavíkurborgar en dvelja á sjúkrahúsum í borginni.

Í tengslum við heildarendurskoðun á gildandi laga- og reglugerðarákvæðum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga taldi ráðuneytið rétt að fram færi endurskoðun á framangreindum samningum að teknu tilliti til þess starfs sem fram færi á grundvelli þeirra.

Innanríkisráðherra skipaði í ársbyrjun starfshóp til að framkvæma endurskoðunina. Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga eiga sæti í hópnum Svandís Ingimundardóttir, skólamálafulltrúi Sambandsins, og Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði Sambandsins. Fulltrúar Reykjavíkurborgar eru þau Jón Ingi Einarsson, fjármálastjóri og Hrund Logadóttir, verkefnisstjóri sérkennslumála. Formaður starfshópsins er Valgarður Hilmarsson, fyrrverandi forseti bæjarstjórnar á Blönduósi. Með hópnum starfa sérfræðingar frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Starfshópnum er ætlað að ljúka störfum fyrir lok október 2011.

Aðsetur - starfsmenn

Í tengslum við sameiningu samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins og dóms- og mannréttindaráðuneytisins í nýtt innanríkisráðuneyti 1. janúar 2011 flutti starfsemi ráðuneytisins í kjölfarið að Sölvhólsgötu 7 í Reykjavík og er Jöfnunarsjóður sveitarfélaga þar til húsa á III. hæð.

Á árinu 2010 voru starfsmenn sjóðsins fjórir í fullu starfi. Þau Elín Gunnarsdóttir, sérfræðingur, Elín Pálsdóttir, forstöðumaður, Guðni Geir Einarsson, sérfræðingur og Halldór V. Kristjánsson, stjórnsýslufræðingur. Í ársbyrjun 2011 var Lúðvík Geirsson, fyrrverandi bæjarstjóri í Hafnarfirði, ráðinn í tímabundna stöðu ráðgjafa á grundvelli samkomulags milli Sambands íslenskra sveitarfélaga, innanríkisráðuneytis og velferðarráðuneytis í tengslum við yfirfærslu á málefnum fatlaðra. Meginverkefni ráðgjafans er að fylgja eftir ákvæðum heildarsamkomulags, laga- og reglugerða vegna yfirfærslunnar og vera stjórnvöldum, sveitarfélögum og þjónustusvæðum til ráðgjafar um framkvæmd yfirfærslunnar. Ráðgjafinn er jafnframt formlegur tengiliður milli aðila samkomulagsins.

Átak til eflingar sveitarstjórnarstigsins

Árið 2010 fóru fram lokagreiðslur til sveitarfélaga er sameinuðust á árinu 2006 á grundvelli átaks til eflingar sveitarstjórnarstigsins. Með viljayfirlýsingu félagsmálaráðherra, fjármálaráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 17. september 2004 var ákveðið á grundvelli áætlunar um fjárþörf að verja 2.000 - 2.400 m. kr. á árunum 2005 - 2009 til átaksins.

Úthlutun framlaga fór fram á grundvelli reglna nr. 295/2003 um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga. Segja má að áætlun um fjárþörf samkvæmt reglunum hafi að mestu leyti gengið eftir. Heildargreiðslur úr Jöfnunarsjóði til viðkomandi sveitarfélaga á árunum 2005 - 2010 námu samtals 2.274 m. kr. Ríkissjóður lagði fram 820 m. kr. Af áður lögbundnu framlagi Jöfnunarsjóðs í Lánasjóði sveitarfélaga runnu samtals 800 m. kr. til verkefnisins. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga brúaði síðan bilið með eigin framlagi samtals að fjárhæð 654 m. kr. á tímabilinu.

Húsaleigubætur

Tímabundnu samkomulagi ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um húsaleigubætur er tók gildi 1. apríl 2008 lauk 31. mars 2010. Ekki hefur því verið í gildi formlegt samkomulag um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna húsaleigubóta frá þeim tíma. Ríkið hefur þó viðhaldið samkomulaginu með því að leggja fram fjármagn í samræmi við ákvæði þess.

Samkomulagið kveður á um hækkun grunnfjárhæða almennra húsaleigubóta og aðkomu ríkisins að greiðslu sérstakra húsaleigubóta. Árlegur kostnaður vegna þeirra breytinga sem samkomulagið hefur í för með sér var áætlaður 620 m. kr. vegna almennra húsaleigubóta og 100 m. kr. vegna sérstakra húsaleigubóta eða samtals 720 m. kr. Í samkomulaginu er kveðið á um að ríkissjóður greiði 60% af heildarkostnaði vegna hækkunar húsaleigubóta og sveitarfélögin 40%.

Eins og áður hefur komið fram kom fljótlega í ljós að greiðslur sveitarfélaga á almennum og sérstökum húsaleigubótum yrðu mun hærri en samkomulagið gerði ráð fyrir og ráðstöfunarfjármagn Jöfnunarsjóðs á grundvelli samkomulagsins því alls ekki nægjanlegt til að standa undir 60% hlutdeild ríkissjóðs. Með viðbótarframlögum frá ríki var þó fyllilega staðið við ákvæði samkomulagsins árin 2008, 2009 og 2010 eins og áður segir og er gert ráð fyrir að svo verði einnig á árinu 2011.

Samkomulagið hefur að undanfögnu verið til endurskoðunar á vegum velferðarráðuneytisins. Að tillögu samráðshóps um húsnæðisstefnu er skilaði skýrslu til velferðarráðherra 18. apríl 2011 hefur ráðherrann skipað vinnuhóp sem er ætlað að vinna að undirbúningi þess að taka upp húsnæðisbætur í stað vaxtabóta og húsaleigubóta. Markmiðið með húsnæðisbótum verður að jafna húsnæðisstuðning hins opinbera milli ólíkra búsetuforma og stuðla að því að heimilin eigi val á milli leigu-, búseturéttar- og eignaríbúða.

Almennar húsaleigubætur: Þróun fjölda bótaþega og raungreiðslna sveitarfélaga

	Árið 2007	Árið 2008	Árið 2009	Árið 2010	Áætl. 2011
Fjöldi bótaþega					
Almennar íbúðir	4.046	4.141	6.356	7.422	8.126
Félagslegar íbúðir	3.390	3.538	3.669	3.784	4.230
Námsgarðar/heimavist	1.620	1.912	2.081	1.993	2.565
Sambýli	515	515	518	513	543
Samtals bótaþegar	9.571	10.106	12.624	13.712	15.464
Raungreiðslur í m.kr.					
Almennar íbúðir	668,6	977,5	1.634,3	1.940,7	2.013,2
Félagslegar íbúðir	573,0	833,8	969,6	982,5	1.106,7
Námsgarðar/heimavist	223,8	375,9	454,4	433,4	487,1
Sambýli	47,0	56,7	63,4	67,5	71,7
Samtals greiðslur	1.512,4	2.243,9	3.121,7	3.424,1	3.678,7

Sérstakar húsaleigubætur: Þróun fjölda bótaþega og raungreiðslna sveitarfélaga

	Árið 2009	Árið 2010	Áætl. 2011
Fjöldi bótaþega			
Almennar íbúðir	1.152	1.472	2.045
Félagslegar íbúðir	88	1.977	2.099
Námsgarðar/heimavist	16	23	42
Sambýli	1	1	0
Samtals bótaþegar	1.257	3.473	4.186
Raungreiðslur í m.kr.			
Almennar íbúðir	329,0	400,2	461,2
Félagslegar íbúðir	21,2	567,9	565,4
Námsgarðar/heimavist	3,4	2,9	3,6
Sambýli	0,1	0,0	0,0
Samtals greiðslur	353,7	971,0	1.030,2

Aukaframlag

Á fjárlögum ársins 2010 fékk Jöfnunarsjóður sveitarfélaga sérstakt aukaframlag að fjárhæð 1.000 m. kr. til að bæta rekstrarstöðu sveitarfélaga á árinu. Að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga gaf samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra út reglur, nr. 815/2010, um ráðstöfun aukaframlagsins.


Á grundvelli reglnanna var 400 m. kr. varið til sveitarfélaga sem ekki höfðu fylgt þróun Reykjavíkurborgar hvað íbúafjölda varðar á árunum 2005 - 2009. Varið var 200 m. kr. til sveitarfélaga þar sem hlutfallsleg þróun heildartekna milli árana 2005 og 2010 var lægri en meðaltal heildartekna allra sveitarfélaga á landsvísi fyrir sama tímabil. Varið var 200 m. kr. til sveitarfélaga þar sem íbúapróun hafði verið meiri en hjá Reykjavíkurborg árin 2005 - 2009. Varið var 150 m. kr. til sveitarfélaga þar sem útreiknað viðmið heildarskulda og skuldbindinga var hærra en sem nemur 100% af heildartekjum að frádrögnum óreglulegum tekjum og rekstrarniðurstaða neikvæð. Einnig var varið 50 m. kr. til sveitarfélaga, annarra en Reykjavíkurborgar, þar sem tekið var tillit til sérstakrar útgjaldaparfar sveitarfélaga sem halda þurfa úti þjónustu á fleiri en einum þéttbýlisstað innan sveitarfélagsins.

Framlöggin voru skert með hliðsjón af jákvæðri peningalegri stöðu sveitarfélaga samkvæmt ársreikningi 2009. Einungis kom til úthlutunar framlags ef heimild sveitarfélags til útsvarsálagningar fyrir tekjuárið 2010 hafði verið fullnýtt af sveitarstjórn. Alls fengu 45 sveitarfélög úthlutað aukaframlagi á árinu 2010 eða jafnmörg og árið 2009.

Aðalbreytingin á reglum um úthlutun aukaframlagsins milli árana 2009 og 2010 var fólgin í nýju viðmiði vegna íþyngjandi skulda sveitarfélaga.

Á fjárlögum ársins 2011 fær Jöfnunarsjóður sveitarfélaga aukaframlag að fjárhæð 700 m. kr. til að koma til móts við þau sveitarfélög sem eiga í miklum fjárhagslegum erfiðleikum. Stefnt er að setningu reglna um úthlutun aukaframlagsins á árinu 2011 fyrir lok október.

Yfirlit yfir aukaframlög Jöfnunarsjóðs, í m.kr. á verðlagi hvers árs.



Framlag vegna endurgreiðslu á hækkun tryggingagjalds

Á fjárlögum ársins 2010 fékk Jöfnunarsjóður sveitarfélaga sérstakt viðbótarframlag að fjárhæð 1.200 m. kr. til að mæta hækkun á launakostnaði sveitarfélaga í kjölfar hækkunar á tryggingagjaldi úr 7,0% í 8,65% á árinu 2010.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra setti vinnureglur um úthlutun og greiðslu framlagsins að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Sjóðurinn greiddi sveitarfélögum út framlag vegna þessarar kostnaðarhækkunar í samræmi við upplýsingar frá ríkisskattstjóra um skil þeirra á tryggingagjaldi eða launaveltu.

Á miðju ári 2010 fór fram endurmat á fjárförf til verkefnisins á grundvelli upplýsinga um staðgreiðsluskil sveitarfélaga á tryggingagjaldi fyrstu sex mánuði ársins hvað beinar launagreiðslur í A-hluta sveitarsjóðs varðaði. Í ljós kom að þörf væri á viðbótarfjármagni að fjárhæð allt að 211 m. kr. sem sjóðurinn síðan fékk á á fjárukalögum 2010.

Með tilvísun til þessa nam ráðstöfunarfjármagn sjóðsins til verkefnisins samtals 1.411 m. kr. á árinu en heildarfjárförfin var um 1.418 m. kr. hvað beinar launagreiðslur í A-hluta sveitarsjóðs varðaði. Þátttaka ríkisins í kostnaði sveitarfélaganna vegna hækkunar tryggingagjaldsins úr 7,0% í 8,65% á árinu 2010 var því 99,5%.

Ekki er um að ræða sérstök framlög frá ríki í Jöfnunarsjóð á árinu 2011 vegnar hækkunar tryggingagjaldsins.

Efling tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda

Þann 13. maí 2011 var undirritað tímabundið samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til námsins. Samkomulagið gildir frá 1. júlí 2011 til 31. ágúst 2013.

Helstu markmið með samkomulaginu eru að efla tónlistarnám með aðkomu ríkissjóðs að kennslukostnaði í viðurkenndum tónlistarskólum og gera nemendum kleift að stunda hljóðfæranám á framhaldsstigi og söngnám á miðstigi og framhaldsstigi óháð búsetu.

Á grundvelli samkomulagsins greiðir ríkissjóður á ársgrundvelli 480 m. kr. í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem annast úthlutun og greiðslu framlaga til sveitarfélaga. Á móti skuldbinda sveitarfélögin sig til að taka tímabundið yfir ný verkefni frá ríki sem nema á tímabilinu samtals 498 m. kr. Sérstakt samkomulag verður gert þar um. Jöfnunarsjóði sveitarfélaga hefur verið falið að standa skil á greiðslum sveitarfélaga vegna nýrra verkefna þeirra með því að draga kostnað hvers sveitarfélags frá framlögum sjóðsins.

Innanríkisráðherra hefur sett reglur um úthlutanir og greiðslur framlaga úr Jöfnunarsjóði vegna samkomulagsins og eru þær dagsettar 31. ágúst 2011.

Yfirlýsing á málefnum fatlaðra

Málefni fatlaðra fluttust 1. janúar 2011 frá ríki til sveitarfélaga. Samfara yfirlýsningu gengu í gildi breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995 með síðari breytingum og lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/122 með síðari breytingum.

Þá tóku jafnframt gildi tvær reglugerðir sem settar voru af innanríkisráðherra og kveða nánar á um hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í tengslum við yfirlýsninguna. Annars vegar er um að ræða reglugerð, nr. 1066/2010, um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2011 og hins vegar reglugerð, nr. 1067/2010, um Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Á grundvelli samkomulags ríkis og sveitarfélaga um fjárhagsramma flutnings þjónustu við fatlaða frá 6. júlí 2010 er áætlað að 10.700 m. kr. renni samtals til málaflokksins 2011 með hækkun útsvars um 1,2 prósentustig og með beinum framlögum frá ríki. Sé tekið mið af áætlunum um útsvarsstofninn 846 milljarða króna, sbr. fjárlög ársins 2011, þá næmi fjárhagsrammi tilfærslunnar um 10.775 m. kr. á árinu 2011. Af útsvarshækkuninni renna 0,25 prósentustig beint til sveitarfélaga/þjónustusvæða en 0,95 prósentustig renna til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem annast jöfnunaraðgerðir í tengslum við yfirlýsninguna og úthlutun beinna framlaga frá ríki.

Í samkomulaginu um yfirlýsninguna var gengið út frá því að fjárframlög vegna þjónustu við fatlaða árið 2011 tækju mið af framreiknuðum rekstrarkostnaði ársins 2010. Á þeim forsendum var útfærð tillaga ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til innanríkisráðherra um úthlutun almennra framlaga sjóðsins vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2011.

Ein af forsendum samkomulags sveitarfélaganna við ríkið um yfirlýsningu á málefnum fatlaðra var að unnið yrði samræmt heildarmat á þjónustubörf í málaflokknum. Á árinu 2012 mun úthlutun almennra framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk taka mið af því þjónustumati, sem unnið hefur verið á árinu 2011, svokölluðu SIS mati.

Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Samhliða flutningi á málefnum fatlaðra varð breyting á umsýslu þeirra fasteigna ríkissjóðs sem notaðar hafa verið til búsetu og þjónustu við fatlaða. Framkvæmdasjóður fatlaðra var formlega lagður niður en í stað hans var stofnaður Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem tók yfir réttindi og skyldur Framkvæmdasjóðsins.

Innanríkisráðherra skipaði vorið 2011 þriggja manna ráðgjafarnefnd Fasteignasjóðsins til fjögurra ára. Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um stefnumótandi ákvarðanir í rekstri Fasteignasjóðsins og gera tillögur til ráðherra um sölu eigna og ráðstöfun söluandvirðis þeirra. Formaður ráðgjafarnefndarinnar er Lúðvík Geirsson, fyrrverandi bæjarstjóri í Hafnarfirði og ráðgjafi hjá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga í tengslum við yfirlýsninguna á mál-

efnum fatlaðra. Fulltrúar Sambandsins í nefndinni eru þau Áslaug María Friðriksdóttir, varaborgarfulltrúi í Reykjavík, og Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur.

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2010 - 2014

Aðalmenn

Guðmundur Bjarnason, fyrrv. bæjarstjóri, formaður
Bjarni Jónsson, sveitarstjórnarmaður í Sveitarfélaginu Skagafirði
Björk Þorsteinsdóttir, bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ
Hermann Jón Tómasson, bæjarfulltrúi í Akureyrarkaupstað
Þórunn Egilsdóttir, sveitarstjórnarmaður í Vopnafjarðarhreppi

Varamenn

Jórunn Einarsdóttir, bæjarfulltrúi í Vestmannaeyjabæ, varaformaður
Halla Sigríður Steinólfsdóttir, sveitarstjórnarmaður í Dalabyggð
Bryndís Haraldsdóttir, bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ,
Árni Rúnar Þorvaldsson, bæjarfulltrúi í Sveitarfélaginu Hornafirði
Albertína Elíasdóttir, bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ

Ráðgjafarnefnd Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs 2011 - 2014

Aðalmenn

Lúðvík Geirsson, fyrrverandi bæjarstjóri og ráðgjafi um málefni fatlaðra, formaður
Áslaug María Friðriksdóttir, varaborgarfulltrúi í Reykjavík
Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði Sambandsins

Varamenn

Hörður Hilmarsson, skrifstofustjóri fjármála og reksturs á velferðarsviði Reykjavíkurb.
Gyða Hjartardóttir, félagsmálafulltrúi á lögfræði- og velferðarsviði Sambandsins

Starfsmenn 2011

Elín Pálsdóttir, forstöðumaður
Elín Gunnarsdóttir, sérfræðingur
Guðni Geir Einarsson, sérfræðingur
Halldór V. Kristjánsson, stjórnarsýslufræðingur
Lúðvík Geirsson, ráðgjafi um málefni fatlaðra

Vefur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Á vefsíðu Jöfnunarsjóðs: <http://jofnunarsjodur.is> er að finna allar upplýsingar um starfsemi sjóðsins, lagagrundvöll, tekjur, úthlutanir framlaga og fleira.

Ný framsetning á talnaefni Jöfnunarsjóðs

Í samstarfi við Hagstofu Íslands er nú hægt að skoða nýja framsetningu á talnaefni Jöfnunarsjóðs. Um er að ræða upplýsingar um framlög til sveitarfélaga frá 2006 - 2010 og upplýsingar um bundin framlög til samtaka og stofnana sveitarfélaga og fleiri. Upplýsingarnar verða uppfærðar árlega og eru hýstar á vef Hagstofunnar.

Fréttatilkynningar birtast á vefnum þegar ráðherra hefur samþykkt tillögur ráðgjafarnefndar um úthlutanir einstakra framlaga sjóðsins.

Ný reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga

Ný reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga tók gildi 1. janúar 2011 og er hún nr. 960/2010. Reglugerðin, sem nær til allra lögákvæðinna verkefna sjóðsins, er sett á grundvelli 18. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995 með síðari breytingum. Þá féll úr gildi reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 113/2003, með síðari breytingum.

Í nýrri reglugerð koma fram þær breytingar sem gerðar hafa verið á reglugerð, nr. 113/2003, frá gildistöku hennar og eru enn í gildi. Í reglugerðinni koma einnig fram breytingar á tekjujöfnunar- og útgjaldajöfnunarframlögum sjóðsins sem gerðar hafa verið í tengslum við samþykktar tillögur starfshóps um heildarendurskoðun á gildandi laga- og reglugerðarákvæðum um sjóðinn og falla undir valkost 1.


Þá nær reglugerðin til þeirra breytinga sem gerðar voru á lögum um tekjustofna sveitarfélaga vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra.

Tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Á grundvelli 8. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, eru Jöfnunarsjóði tryggðar tekjur með eftirfarandi hætti, sbr. 4. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 960/2010:

- Framlag úr ríkissjóði er nemur 2,12% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs.
- Árlegt framlag úr ríkissjóði er nemur 0,264% af álagningarstofni útsvars næstliðins tekjuárs.
- Hlutdeild í útsvarstekjum sveitarfélaga af álagningarstofni útsvars ár hvert:
 - er nemur 0,77% til jöfnunar vegna reksturs grunnskóla.
 - er nemur 0,95% til jöfnunar vegna málefna fatlaðra.
- Vaxtatekjur.

Á árinu 2010 var um að ræða viðbótarframlög frá ríki sem hér segir: Aukaframlag til að bæta rekstrarstöðu viðkomandi sveitarfélaga, framlag á grundvelli samkomulags ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um húsaleigubætur frá 1. apríl 2008 og framlag vegna endurgreiðslu til sveitarfélaga á hækkun tryggingagjalds úr 7,0% í 8,65%.



Tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er varið til að greiða framlög úr sjóðnum á grundvelli ákvæða reglugerðar nr. 960/2010. Sérstakar reglugerðir og reglur kveða nánar á um greiðslur einstakra framlaga og er þeirra getið sérstaklega.

Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Á grundvelli reglugerðar nr. 960/2010 er framlögum sjóðsins skipt í bundin framlög, sérstök framlög, jöfnunarframlög, jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla og jöfnunarframlög vegna málefna fatlaðra.

Bundin framlög, skv. 6. gr.

Bundin framlög eru greidd til eftirtalinnna samtaka og stofnana sveitarfélaga:

- Sambands íslenskra sveitarfélaga
- Landshlutasamtaka sveitarfélaga
- Innheimtustofnunar sveitarfélaga
- Umsjónarnefndar eftirlauna
- Húsafriðunarsjóðs

Bundin framlög 2008 til 2011 í m.kr.

	2008	2009	2010	Áætlun 2011
Samband ísl. sveitarfélaga	239	234	246	251
Landshlutasamtök	137	131	143	146
Innheimtustofnun sveitarfélaga	783	1.102	1.011	950
Umsjónarnefnd eftirlauna	6	6	5	5
Húsafriðunarsjóður	47	48	48	48
Samtals	1.212	1.521	1.453	1.400

Sérstök framlög, skv. 7. gr.

Sérstök framlög eru greidd til sveitarfélaga vegna sérstakra aðstæðna í umhverfi þeirra eða rekstri. Á grundvelli sérstakra framlaga eru veitt eftirfarandi framlög:

- Framlög til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, sbr. reglur nr. 295/2003 með síðari breytingum. Með nýju ákvæði til bráðabirgða við reglurnar á árinu 2010 var heimilt að veita landshlutasamtökum sveitarfélaga fjárhagslega aðstoð sem samsvaraði eðlilegum kostnaði samtakanna við könnun og kynningu á mögulegum sameiningarkostum í viðkomandi landshluta. Í tengslum við átak til eflingar sveitarstjórnarstigsins var umtalsverðum fjármunum varið til sameiningarmála á árunum 2005 - 2010.
- Framlög til að greiða úr sérstökum fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga í samræmi við tillögur eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga.
- Framlög til greiðslu stofnkostnaðar við vatnsveitur á lögbýlum, sbr. reglugerð nr. 973/2000 með síðari breytingum. Bændasamtök Íslands annast stjórnarsýslu varðandi meðferð umsókna og tillögugerð að úthlutun framlaganna.
- Framlög til jöfnunar á tekjutapi einstakra sveitarfélaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti í kjölfar breytingar á álagningarstofni mannvirkja, sbr. reglugerð nr. 80/2001, með síðari breytingum.
- Framlög til sveitarfélaga vegna greiðslu þeirra á húsaleigubótum, sbr. reglugerð nr. 122/2003 með síðari breytingum og samkomulag ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um húsaleigubætur frá 1. apríl 2008. Heildargreiðslur sveitarfélaga á almennum húsaleigubótum á árinu 2010 námu samtals um 3.424 m. kr. og 971 m. kr. á sérstökum húsaleigubótum. Greiðsluhlutfall Jöfnunarsjóðs var 51,5% vegna almennra húsaleigubóta og 60% vegna sérstakra húsaleigubóta. Áætlað greiðsluhlutfall á árinu 2011 er það sama.
- Framlög til sérstakra verkefna á vegum sveitarfélaga eða samtaka þeirra sem geta haft mikla þýðingu fyrir sveitarfélög og leitt til frekari hagræðingar í rekstri þeirra og þjónustu. Hér undir fellur framlag til rekstrar skrifstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga í Brussel. Um er að ræða tilraunaverkefni til þriggja ára, á

árunum 2009 – 2012, á grundvelli sérstaks samkomulags milli Sambandsins og Jöfnunarsjóðs frá 30. desember 2009. Framlagið nemur samtals um 48 m. kr. miðað við verðlag í desember 2009.


Sérstök framlög 2008 til 2011 í m.kr.

	2008	2009	2010	Áætlun 2011
Framlög vegna sameininga sveitarfélaga	623	394	349	150
Framlög vegna fjárhagserfiðleika sveitarfélaga	0	68	187	100
Framlög til vatnsveitna á lögbýlum	17	25	25	25
Framlög til jöfnunar á tekjutapi v. fasteignaskatts	2.489	2.281	2.569	2.676
Framlög vegna húsaleigubóta	1.257	1.921	2.535	2.519
Framlög til sérstakra verkefna	14	12	17	20
	4.400	4.701	5.682	5.490

Jöfnunarframlög skv. 8. gr.

Til jöfnunarframlaga er varið þeim tekjum Jöfnunarsjóðs, skv. a- og b-lið 4. gr. sem eru umfram ráðstöfun skv. 6. og 7. gr. reglugerðar nr. 960/2010, sbr. eftirfarandi:

- Tekjujöfnunarframlögum er úthlutað til að jafna tekjur sveitarfélaga. Útreiknuð framlög eru miðuð við sambærileg sveitarfélög og fullnýtingu tekjustofna þeirra.
- Útgjaldajöfnunarframlögum er varið til að mæta mismunandi útgjaldapörf sveitarfélaga á grundvelli stærðarhagkvæmni og tekna þeirra, að teknu tilliti til þeirra þátta sem áhrif hafa á útgjaldapörf.




Jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla, skv. 9. gr.

Tekjum Jöfnunarsjóðs, skv. 1. tölul. c-liðar 4. gr., að frádregnu bundnu framlagi til Sambands íslenskra sveitarfélaga er varið til þess að jafna launakostnað sveitarfélaga af kennslu í grunnskólum og annan kostnað af flutningi grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga, sbr. reglugerð nr. 351/2002 með síðari breytingum.

Eftirfarandi framlög eru veitt á grundvelli reglugerðar nr. 351/2002:

- Almenn framlög: Til þeirra framlaga var varið um 73,9% af því fjármagni sem Jöfnunarsjóður hafði til ráðstöfunar á árinu 2010 til greiðslu framlaga til reksturs grunnskóla.
- Framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda: Sérstök viðbótarframlög vegna mikillar þjónustubarfar fatlaðra grunnskólanemenda og framlag til Reykjavíkurborgar á grundvelli samnings vegna yfirtöku á rekstri sérskóla/sérdeilda.
- Framlög vegna nýbúafræðslu: Viðbótarframlög vegna sérstakrar íslenskukennslu nýrra Íslendinga og framlag til Reykjavíkurborgar á grundvelli samnings vegna starfa kennsluráðgjafa.
- Framlag vegna reksturs skólabúða að Reykjum: Framlag er greitt á grundvelli samkomulags ríkis og sveitarfélaga um yfurfærslu grunnskólans og samnings við Húnaþing vestra sem er rekstraraðili skólabúðanna.
